

10. fundur starfshóps um sameiginlega bakvakt barnaverndar höfuðborgarsvæðisins
haldinn á skrifstofu SSH Hamraborg 9 Kópavogi 4. desember 2014 klukkan 08:30.

Mættir: Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur, Rannveig Einarsdóttir sviðsstjóri fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar, Ólína Birgisdóttir félagsráðgjafi fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar, Anna Eygló Karlsdóttir félagsráðgjafi velferðarsviði Kópavogs, Snorri Aðalsteinsson félagsmálastjóri Seltjarnarnesi, Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri SSH og Unnur V. Ingólfssdóttir framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar sem ritaði fundargerð þessa.

Forföll boðaði: Bergljót Sigurbjörnsdóttir félagsmálastjóri Garðabæjar

Dagskrá:

1. Úttekt Expectus á sameiginlegri bakvakt barnaverndar á höfuðborgarsvæðinu

Fulltúi Expectus ehf., Björn Jónsson gerði grein fyrir niðurstöðum úttektar fyrirtækisins á sameiginlegri bakvakt barnaverndar á höfuðborgarsvæðinu og tillögum um framhald verkefnisins. Fram komu nokkrar athugasemdir við skýrsluna og samþykkt að fundarmenn yfirfæru tölfræðiupplýsingar sinna sveitarfélaga þannig að tölur væru samanburðarhæfar.

Að lokinni kynningu ræddu fundarmenn um niðurstöðu og tillögu skýrslunnar. Verkefnið er unnið í umboði bæjarstjórna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu undir forystu stjórnar SSH, næsti fundur hennar verður ekki fyrr en 5. janúar 2015 en samningur um verkefnið rennur út 31. desember 2014. Með hliðsjón af því samþykkir fundurinn að leggja til við barnaverndarnefndir sveitarfélaganna að framlengja umboð til starfsmanna um að sinna bakvöktum í tvo mánuði til viðbótar þ.e.a.s. janúar og febrúar 2015. Þannig að unnt sé að tryggja samfellu þjónustunnar með óbreyttu fyrirkomulagi þar til afstaða aðildarsveitarfélaganna um skipulag hennar liggur fyrir.

Björn Jónsson og Páll Guðjónsson viku af fundi að lokinn umfjöllun um þennan lið fundarins.

2. Framtíðarskipulag bakvaktar í barnaverndarmálum á höfuðborgarsvæðinu.

Fyrir liggur að Reykjavíkurborg, Kópavogsbær og Hafnarfjarðarbær hafa hafið undibúning að samvinnu við embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um aðkomu að heimilisofbeldismálum óháð því hvort börn eru til staðar á heimili eða ekki. Í ljósi breytinga tengdum því er rætt um að sameiginleg bakvakt fyrir höfuðborgarsvæðið, óháð svæðum, sé væntalega æskilegasta framtíðarfyrirkomulag bakvakta í barnaverndarmálum. Það fyrirkomulag er stutt með tillögu í skýrslu Expectus um að fyrirkomulagið myndi auka gæði og hagræði í rekstri þjónustunnar. Undirbúningur að slíku fyrirkomulagi tekur tíma og mikilvægt er að sjá hvað útvíkkun þjónustunnar vegna bakvakta í tengslum við heimilisofbeldi hefur í för með sér. Með hliðsjón af því samþykkir fundurinn að leggja til við stjórn SSH að núverandi fyrirkomulag verði framlengt til a.m.k. eins árs áður en frekari breyting verði gerð á fyrirkomulagi þjónustunnar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00